

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 29/1997.

**Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Karli Guðna Ólafssyni**

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

Líkamsárás. Skilorð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1997 að kröfu ákærða, en einnig af hálfu ákærvaldsins til staðfestingar á sakfellingu og þyngingar á refsingu. Dómkröfur ákærvaldsins eru nú um staðfestingu héraðsdóms.

Ákærði krefst aðallega ómerkingar héraðsdóms og að málinu verði vísað heim til nýrrar meðferðar og dómsálagningar. Til vara krefst hann sýknu og til þrautavara, að refsing verði milduð og dæmd skilorðsbundin.

**I.**

Krafa ákærða um ómerkingu héraðsdóms og heimvísun máls er á því byggð, að misbrestur hafi orðið á öflun sönnunargagna. Leita þurfi eftir framburði dyravarða og lögreglumanna, sem að málinu komu. Afla verði frekari læknisfræðilegra gagna. Þá hafi verið ranglega bókað eftir vitninu Jóhanni Steinarssyni.

Fyrir liggur, að dyraverðir og lögreglumenn urðu ekki vitni að átökum ákærða og vitnisins Friðriks Arnar Herbertssonar Andersen. Áverkavottorð Leifs Jónssonar læknis á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur og vottorð Brynhildar Ingvarsdóttur augnlæknis um ástand vinstra auga Friðriks Arnar eru skilmerkileg. Verjandi ákærða hafði tækifæri til að óska eftir frekari gögnum í héraði og gera athugasemdir við fram lögð gögn. Hann hefur komið að nægilegri leiðréttingu á bókun framburðar Jóhanns Steinarssonar.

Að þessu athuguðu eru ekki efni til að ómerkja dóm héraðsdóms.

Fyrir liggur skýrsla lögreglumanna, sem komu á vettvang 16. apríl 1994 að ósk dyravarðar veitingastaðarins Café Amsterdam. Ræddu þeir þar í anddyrinu við Friðrik Örn, sem sagði þeim, að einhver maður hefði ráðist á sig og slegið sig í andlitið, gleraugu sín hefðu brotnað og hann meiðst á auga. Friðrik Örn var fluttur á slysadeild.

Í skýrslunni kemur fram, að þeir hafi einnig rætt við ákærða, sem hafi verið grunaður um verknaðinn. Hann hafi ekki viðurkennt að hafa lent í átökum við Friðrik Örn. Hann hafi verið með skurð á vinstri kinn. Hann var einnig fluttur á slysadeild.

Vitni, sem þeir hittu á staðnum, hafi þekkt ákærða fyrir sama mann og lamdi Friðrik Örn. Ákærði hafi fengið skurð á kinnina, er Friðrik lamdi til hans, eftir að hann hafi slegið Friðrik.

Vitni að atburðinum eru í skýrslunni skráð þau Ingibjörg Frostadóttir, Hulda Guðný Guðnadóttir og Guðmundur Hjalti Jónsson. Þau voru auk Friðriks Arnar og systur hans, Þórdísar, yfirheyrð hjá lögreglu í maí og júní 1994. Þau staðfestu þar framangreinda frásögn í stórum dráttum. Við aðalmeðferð málsins í héraði í september og október 1996 staðfestu þau framburð sinn fyrir lögreglu. Hulda og Guðmundur Hjalti töldu sig þó, svo löngu síðar, muna lítill eftir atburðinum.

Leifur Jónsson lækni lýsir komu Friðriks Arnar á slysadeild 16. apríl 1994 í áverkavottorði. Þar segir, að hann hafi kvartað um móðu fyrir vinstra auga. Ekkert hafi sést á auganu, en hann hafi haft glóðarauga vinstra megin.

Ákærði viðurkenndi, er hann kom til skýrslutöku hjá lögreglu 23. apríl 1995, að hafa slegið Friðrik Örn. Hann kvaðst ekki geta sagt, hvor hafi slegið fyrr. Fyrir dómi 4. september 1996 kvað hann ákær-una hins vegar ranga. Hann hafi ekki slegið Friðrik Örn. Þeir hafi aftur á móti verið að tuskast og skollið í gólfið, og taldi hann, að gleraugun hefðu brotnað við það og Friðrik Örn skorist. Að ósk verjanda ákærða komu þá fyrir dóm vitnin Hjalti Þorkelsson og Fjölmi og Fjalar Elvarssynir. Þeir báru, að skvest hefði úr glasi ákærða yfir Friðrik Örn og hann þá risið upp og barið ákærða og þeir síðan fallið í gólfið. Þeir hafi ekki tekið eftir neinum áverkum á Friðriki Erni. Vitnið Jóhann Steinarsson segist nú hafa borið á sama veg fyrir héraðsdómi.

Af framburði þeim, sem að framan er rakinn, er nægilega fram komið, að til árekstrar kom með ákærða og Friðriki Erni. Af framburði fyrir dómi og skýrslum hjá lögreglu, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, þeirra Friðriks Arnar, Huldu Guðnýjar Guðnadóttur, Ingibjargar Frostadóttur, Þórdísar Andersen og Guðmundar Hjálta Jónssonar, sem fá stoð í áverkavottorði Leifs Jónssonar læknis, er sannað, að ákærði sló í andlit Friðriks Arnar, en hann var með gleraugu. Hins vegar verður ekki staðhæft, að ákærði hafi byrjað átök-in.

Staðfesta ber því sakarmat héraðsdómara. Áverkar Friðriks Arnar eru stórfelldir, svo sem fram er komið í vottorðum Brynhildar Ingvarsdóttur augnlæknis og rakið er í héraðsdómi. Heimfærsla héraðsdóms á broti ákærða til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, er því staðfest.

Refsing ákærða er hæfilega metin í héraðsdómi, þegar litið er til 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga. Þar sem mál þetta hefur dregist í meðförum lögreglu og ákærvalds um rúm tvö ár frá atburðinum, án þess að ákærða verði um það kennt, verður refsing hans bundin skilorði, svo sem greinir í dómsorði.

Sakarkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og ákveðið er í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Guðni Ólafsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Fresta skal framkvæmd refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. nóvember 1996.**

Ár 1996, þriðjudaginn 5. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 582/1996: Ákærvaldið gegn Karli Guðna Ólafssyni, sem tekið var til dóms 30. október sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 16. júlí sl., á hendur ákærða, Karli Guðna Ólafssyni, Hlíðartúni 21, Höfn, Hornafirði, fæddum 6. apríl 1974, fæðingarnúmer 591, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 16. apríl 1994 á veitingastaðnum Café Amsterdam, Hafnarstræti 5, Reykjavík, veitt Friðriki Erni Herbertssyni, fæddum 22. ágúst 1964, sem bar gleraugu, hnefahögg í vinstra auga með þeim afleiðingum, að Friðrik Örn hlaut alvarlega sjónskerðingu á vinstra auga.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

#### *Málavextir.*

Um þrjúleytið aðfaranótt laugardagsins 16. apríl 1994 var ákærði staddur á veitingastofunni Café Amsterdam í Hafnarstræti í Reykjavík. Þar var einnig staddur kærandinn í málinu, Friðrik Örn Herbertsson Andersen, ásamt systur sinni, Þórdísi, og kunningjakonu þeirra, Ingibjörgu Frostadóttur. Urðu þá átök með þeim ákærða og Friðriki Erni í hliðarherbergi í veitingastofunni. Hlutu báðir áverka, og flutti lögreglan þá á slysadeild til aðhlynningar.

Ákærði hefur sagt fyrir dómi, að hann hafi ekki slegið Friðrik Örn. Aftur á móti hafi þeir verið að tuskast, og hafi þeir skolið í gólfið, og kveðst hann telja, að gleraugu Friðriks Arnar hafi brotnað við það og hann skorist þannig. Frásögn ákærða hjá lögreglu ári eftir atburðinn var nokkuð á aðra lund. Þá kvað hann átökin hafa orðið á þann hátt, að skvest hefði óvart úr glasi yfir Friðrik Örn, sem þarna sat. Hefði hann staðið upp við það og ýtt við sér og þeir farið að tuskast. Hann viðurkenndi að hafa slegið Friðrik Örn og sagði Friðrik Örn einnig hafa slegið sig. Ekki kvaðst hann geta sagt, hvor þeirra hefði slegið fyrr, en hann hefði sjálfur fengið skurð á vinstri kinn. Þeir hefðu svo slegist áfram og dottið í gólfið. Hefði liðið töluverð stund, þar til dyraverðir hefðu komið og skorist í leikinn.

Friðrik Örn hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi setið í herbergi á veitingastaðnum ásamt vinkonu sinni og systur. Hafi ókunnugur maður þá komið þar að með glas í hendi og byrjað á því að skvetta á sig úr glasinu, orðalaust og án tilefnis, og síðan hent í sig glasinu. Hafi glasið lent í fanginu á sér. Kveðst hann hafa orðið reiður og staðið upp, en vinkona sín, Ingi-

björg, gengið á milli. Hann hafi svo fengið högg á vinstra auga og gleraugu sín brotnað og fossblætt úr sér. Hann hafi þá slegið manninn. Hafi hann svo farið fram til dyravarðanna, sem hafi tekið manninn. Lögregla hafi komið og flutt sig á slysadeild.

Vitnið Hulda Guðný Guðnadóttir sat við næsta borð í herberginu, þegar átökin urðu. Hún kveðst annars muna lítið eftir því, sem gerðist, og treystir sér ekki til að rifja það upp. Muni hún það eitt, að Friðrik Örn hafi verið kýldur og verið alblóðugur á eftir. Vitnið gaf skýrslu í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík rúmum sex vikum eftir atburðinn. Sagði hún þá, að hún hefði séð mann ráðast á Friðrik Örn, sem hún kannaðist við, og slá hann í andlitið. Hafi Friðrik verið sitjandi og gleraugun hrokkið af honum. Hún hafi svo forðað sér á brott.

Vitnið Guðmundur Hjalti Jónsson sat við sama borð og Hulda, frændkona hans. Fyrir dómi hefur hann sagt, að hann hafi séð, að þarna hafi orðið einhver handalögmál, en hann muni nú lítið eftir þessu. Í skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík rúmum sex vikum eftir atburðinn sagðist hann hafa séð, hvar maður gekk að borði Friðriks Arnar, sem vitnið kannaðist við, og sló hann í andlitið, svo að gleraugu hans brotnuðu. Hefði strax farið að blæða úr Friðriki Erni fyrir neðan augað, þar sem gleraugun brotnuðu. Hann kvaðst hvorki hafa séð aðdragandann né eftirleikinn að þessum atburði, en þarna hafi verið mannþröng.

Vitnið Ingibjörg Frostadóttir hefur skýrt frá því, að þær Þórdís Andersen hafi staðið ekki langt frá sófa, sem Friðrik Örn sat í. Þá hafi komið piltur aðvífandi og stjakað við Þórdísi, svo að hún datt í sófann við hliðina á Friðriki Erni. Hún kveðst þá hafa sagt við piltinn, að hann skyldi „slappa af“, eða eitthvað þesslegt. Pilturinn hafi skvett úr glasi yfir Friðrik og hent svo í hann glasinu. Friðrik hafi þá staðið upp, en hún hafi gengið á milli þeirra tveggja og beðið Friðrik að vera rólegan. Pilturinn hafi þá slegið Friðrik, svo að gleraugun brotnuðu og hann skarst. Friðrik hafi svo slegið piltinn á móti. Dyravörður hafi komið og tekið piltinn og farið með hann fram í eldhús.

Vitnið Þórdís Andersen hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hún hafi verið nýkomin inn í herbergið, þar sem atburðurinn gerðist. Hafi þá einhver ýtt við sér, svo að hún datt á sófabríkina við hliðina á Friðriki, sem sat þar. Sami maður hafi svo skvett úr glasi yfir Friðrik og því næst hent í hann glasinu. Friðrik hafi þá staðið upp, en maðurinn slegið hann á augað, svo að gleraugun fuku af honum. Hafi blætt úr Friðriki eftir þetta. Friðrik hafi einnig slegið manninn, svo að blætt hafi úr honum. Náð hafi verið í dyravörð, er hafi komið og tekið manninn, sem þetta gerði.

Vitnið Hjalti Þorkelsson, sem er kunnugur ákærða, var staddur í herberginu, þar sem atburðurinn gerðist. Segir hann, að ákærði hafi komið þar inn í herbergið um þröngar dyr með glas í hendi, en einhver hafi rekist í hann, og við það hafi skvest úr glasinu yfir mann, sem sat þarna rétt hjá. Maðurinn hafi staðið upp, og hafi orðið eitthvert orðaskak á milli þeirra, og hafi maðurinn slegið ákærða í andlitið. Þeir hafi svo tekist á og oltið í gólf- ið. Dyraverðir hafi komið þarna að og skilið þá. Annað hafi hann ekki séð af átökum þeirra. Hann segist ekki hafa séð, að ákærði slægi manninn í andlitið.

Vitnið Jóhann Steinarsson var staddur á veitingastofunni, þegar atburðurinn gerðist. Kveðst hann hafa séð ákærða koma inn í herbergið, og hafi einhver rekist í hann, svo að skvest hafi úr glasi hans yfir mann, sem þarna sat. Sá hafi staðið upp og einhverjar ýfingar orðið með þeim, sem enduðu með því, að ákærði sló manninn í andlitið. Þeir hafi svo tekist á og oltið í gólf- ið. Vitnið segist hafa séð blóð í andliti ákærða, en ekki hafi hann tekið eftir því, hvort hinn maðurinn var með áverka eða hvernig hafi verið með gleraugu hans.

Vitnið Fjöl- nir Elvarsson hefur komið fyrir dóm. Kveðst hann hafa setið við borð í herberginu ásamt frænda sínum og bróður. Hann hafi séð ákærða koma þarna inn í herbergið, en fara svo út og koma aftur inn stuttu síðar með glas í hendi. Þröng hafi verið þarna af fólki, og virtist vitninu einhver rekast í ákærða, svo að skvettist úr glasi hans yfir mann, sem þarna sat við borð. Maðurinn hafi staðið upp reiður og einhver orðaskipti farið á milli þeirra og ekki í góðu. Hafi þetta endað með því, að maðurinn sló ákærða hnefahögg í andlitið. Hafi þeir svo dottið í gólf- ið.

Vitnið Fjal- ar Elvarsson sat við borð inni í herberginu ásamt frænda sínum og bróður. Hann kveðst hafa séð ákærða koma þangað inn, en fara svo út og koma aftur inn stuttu síðar með björglas í hendi. Þröng hafi verið þarna af fólki, og virtist vitninu einhver rekast í ákærða, svo að skvettist úr glasi hans yfir mann, sem þarna sat við borð. Maðurinn hafi staðið upp reiður og einhver orðaskipti farið á milli þeirra, ekki í góðu, og þetta endað með því, að maðurinn sló ákærða hnefahögg í andlitið. Þeir hafi svo dottið í gólf- ið. Vitnið kveðst ekki hafa séð áverka á mönnunum, en dyraverðir komu þarna að og fóru með þá fram. Vitnið segir, að allt hafi þetta gerst mjög hratt.

Í vottorði Leifs Jónssonar, læk- nis á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, segir, að Friðrik Örn hafi komið á slysadeildina kl. 3.10, og var sagt, að hann hefði verið barinn í andlitið skömmu áður. Hefði höggið komið á vinstra auga hans, og gleraugu, sem hann var með, hefðu brotnað.

Í vottorðinu segir enn fremur, að maðurinn hefði kvartað um móðu fyrir vinstra auga, en við skoðun á því hafi ekkert athugavert sést. Glóðarauga hafi verið undir því, en enga skurði að sjá. Ekki hafi einkennin verið talin þarfnast meðferðar, en honum sagt að koma aftur daginn eftir, ef þau minnkuðu ekki eða hyrfu.

Friðrik Örn leitaði til Brynhildar Ingvarsdóttur augnlæknis, og skoðaði hún augnáverkann 2. maí næstliðinn. Kemur þar fram, að hann sé enn með móðu fyrir miðju vinstra auga. Eðlileg sjónskerpa, 1,25, hafi verið á hægri auga, en á vinstra auga hafi hún mælst 0,05. Ekki hafi verið roði í auganu, fremri hluti þess eðlilegur, tær innsýn og eðlileg sjóntaug. Í miðhluta augnbotns sá augnlæknirinn hins vegar blæðingu í sjónhimnu og bólgu umhverfis, sem skýrt gæti minnkaða sjónskerpu og móðu fyrir auganu. Læknirinn skoðaði Friðrik Örn aftur 22. ágúst, og reyndist sjónskerpan þá vera óbreytt. Blæðingin í augnbotni var þá horfin, en breytingar, litartilfærslur, sáust í miðgróf augans. Að mati augnlæknisins hefur Friðrik Örn alvarlega sjónskerðingu á vinstra auga, lögblindu, en hliðarsjón sé þó enn.

#### *Niðurstaða.*

Fjögur vitni auk Friðriks Arnar Herbertssonar, þau Helga Guðný Guðnadóttir, Ingibjörg Frostadóttir, Þórdís Andersen og Jóhann Steinarsson, bera, að ákærði hafi slegið Friðrik Örn í andlitið. Ákærði viðurkenndi þetta hjá lögreglu, en fyrir dómi hefur hann neitað því. Verður að telja sannað, að hann hafi slegið Friðrik Örn hnefahögg í andlitið. Friðrik Örn kvartaði strax við komu á slysadeild um móðu fyrir auganu, og þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi með högginu valdið sjónskerðingunni á auganu. Með vísan til vættis sama fólks ber að hafna þeirri viðbáru ákærða, að Friðrik Örn hafi slegið sig fyrr, og verður að telja, að líkamsárás ákærða hafi í m. l. verið gerð af litlu tilefni. Líkamstjónið, sem af hlaust, er stórfellt í skilningi 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, og hefur ákærði gerst sekur við þá refsheimild.

Sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu fyrir mál þetta. Þykir refsing vera hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Mál þetta var höfðað rúmum tveimur árum eftir atburðinn, og hefur meðferð þess því dregist mjög. Er ekki að sjá, að ákærða verði kennt um það. Er því rétt að fresta framkvæmd þriggja mánaða af refsingunni og ákveða, að sá hluti hennar falli niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjandans, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., 40.000 krónur.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Guðni Ólafsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Frestað er framkvæmd 3ja mánaða af refsingunni, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

---